

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um meðalasölu héraðslækna á Íslandi. 1856.
3. nóvembr.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði leitað álits amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um beiðni héraðslæknisins í Húnavatns sýsla, Jósefs Skaptasonar, sem þér senduð með bréfi 29. september f. á, um að sèr væri leyft að kaupa beinlínis í Kaupmannahöfn meðöl þau, sem hann þarf við lækningar sínar, hefi eg með bréfi í dag beðið amtmann Havstein að gjöra nefndum lækni kunnugt, að það verði að standa við það sem sagt er fyrir í kansellíbréfi 9. marz 1844, nefnilega að þvílíkt leyfi og það, sem um er beðið, ekki verði veitt.

Um leið og jeg skýri herra stiptamtmanninum frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar fyrir lyfsölumanni Randrup í Reykjavík, sem hefir kvartað yfir því við amtmanninn í norður- og austur-umdæmunum, að héraðslæknir Skaptason á ári hverju láti senda sèr frá Kaupmannahöfn meðöl þau, sem hann selur bæði til lækninga sinna og í handkaupum, hlýt eg, útaf uppástúngu þeirri, sem þér hafið gjört í niðurlagi nýnefnds bréfs yðar 29. september f. á.: að harðlega væri brýnt fyrir lyfsölumönnum á Íslandi, að þeir ekki seli meðöl nema skipuðum læknum, eða þá eptir forsögnum þeirra, að bæta því við, að mèr hefir þótt mjög ísjárvert að gjöra nokkra ráðstöfun þar að lútandi, og yrði það ekki heldur með neinu móti gjört eins yfirgripsmikið og þér hafið stungið uppá, þar lyfsölumenn á Íslandi hafa rætt til, eins og lyfsölumenn í Danmörku, að selja einstök meðöl í handkaupum án forsagnar lækna.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um leyfisbréf fyrir skip sem sigla til Íslands. 8. nóvembr.

Í þóknanlegu bréfi 6. ágúst þ. á. hefir herra amtmaðurinn skýrt frá, að það hafi optar borið við, að skip verzlunarmanna